



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

FRÉTTAPÓSTUR
Maí 2025 2.TBL.

Hjartað í HSU



Um heimaspítalabjónustu, fjarlækningar, mönnun og fjármögnun

„Gott að eldast“ í Árborg

Á dögunum var undirritað samkomulag á milli HSU og Árborgar um samþætta heimaþjónustu sem er gert á grundvelli þróunarverkefnisins „Gott að eldast“ sem er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda. Samkomulagið var staðfest í Árborg. Viðstödd voru félags- og húsnæðismálaráðherra og bæjarstjóri Árborgar, auk fjölda gesta.

Liður í samþættingu heimaþjónustunnar í Árborg er að koma upp sérstöku móttöku- og matsteymi þar sem fulltrúar HSU og fulltrúar félagslegrar stuðningsþjónustu Árborgar fara yfir sameiginlegar umsóknir vikulega. Einnig er unnið að því að koma upp einni þjónustugátt fyrir allar beiðnir. Með þessu samstarfi tryggjum við að þjónustan sé veitt á réttum tíma, af réttum aðilum og með heildstæða sýn á þarfir hvers og eins. Þetta er mikilvægt skref í átt að samfelldri og einstaklingsmiðaðri þjónustu þar sem heilbrigðis- og félagsþjónusta vinna saman í þágu notandans.

Fjarvöktun með fjarheilbrigðistækni

Fjarvöktun HSU með fjarheilbrigðistækni á það sameiginlegt með Heimasþítala HSU að hún er að mörgu leyti að styðja við sama skjólstæðinga- hópinn, fyrst og fremst eldra fólk. Fjarvöktunin styrkir eftirlit með skjólstæðingum með langvinna sjúkdóma og stuðlar að umbótum, nýbreytni og auknum gæðum í heilbrigðisþjónustu. HSU notast í þessu verkefni við norskan fjarvöktunarhugbúnað frá Dignio. Vöktunin fer þannig fram að skjólstæðingar framkvæma mælingar í heimahúsi sem síðan er fylgst með á skjáborði á heilsugæslunni. Um er að ræða stöðugar og samfelldar mælingar sem eru áreiðanlegri en tilfallandi stakar mælingar sem gerðar eru á stöð. Ávinningurinn er margskonar og skjólstæðingar bæði njóta og finna til aukins öryggis, vitandi að fylgst er náið með þeim. Þjónustan er því bæði hagkvæmari og skilvirkari en aðrar lausnir og hefur reynst afskaplega farsæl hjá HSU. Þessi þjónusta kemur sér sérstaklega vel á okkar þjónustusvæði þar sem vegalengdir geta verið miklar.

Tæknilausnir skipta sköpum

Markmið HSU er að tryggja örugga, faglega og aðgengilega heilbrigðisþjónustu fyrir öll, óháð búsetu, efnahag eða uppruna, og stuðla þannig að betri heilsu og lífsgæði íbúa á Suðurlandi. Svæðið er víðfeðmt og með dreifðar byggðir þar sem vegalengdir eru oft miklar og veðuraðstæður krefjandi.

PISTILL FORSTJÓRA



Dána Óskarsdóttir

Til að mæta þessum áskorunum er nauðsynlegt að styrkja heilsugæslustöðvar á lykilstöðum og þróa úrræði á borð við fjarheilbrigðisþjónustu. Tæknilausnir geta skipt sköpum, ekki aðeins til að stytta ferðalög sjúklinga heldur einnig til að nýta betur tíma og sérfræðipekkingu heilbrigðisstarfsfólks.

Fjarvöktun með fjarheilbrigðistækni

Í þessu samhengi er vert að nefna að ný og metnaðarfull fjarlækningaþjónusta HSU og Sjónlags hóf nýverið göngu sína á Selfossi þar sem sjúklingum með sykursýki er nú boðið upp á reglulegt augnbotnaeftirlit án þess að þurfa að ferðast til höfuðborgarsvæðisins.

Markmið þjónustunnar er að auka aðgengi að eftirliti fyrir einstaklinga með sykursýki, með því að bjóða upp á nákvæma augnbotnamyndatöku á Selfossi með öflugum tækjabúnaði. Myndirnar eru síðan sendar rafrænt til augnlækna hjá Sjónlagi til greiningar. Þessi myndataka er lykilatriði í að greina hugsanlega fylgikvilla sykursýki, svo sem blæðingar, bjúgmyndun og próteinleka í æðum augans en sykursýki er æðasjúkdómur sem getur valdið skemmdum á litlum æðum í augnbotni og haft áhrif á sjón ef ekki er gripið inn í tímanlega.

Þarna hefur verið stigið enn eitt mikilvægt skrefið í þróun fjarlækninga á Íslandi, en HSU hefur síðustu árin lagt sig fram við að nýta tæknina til að efla þjónustu í heimabyggð. Þess má geta að sambærileg fjarlækningaþjónusta er nú þegar til staðar hjá HSU í Vestmannaeyjum.



Núgt tölvusneiðmyndataeki fjármagnað

Þau gleðitíðindi bárust á dögunum að heilbrigðisráðherra hefur tryggt HSU rúmlega 140 milljóna króna fjárveitingu til kaupa á nýju tölvusneiðmyndataeki. Nýja tölvusneiðmyndataekið er kærkomið og mun skipta sköpum í þjónustu okkar við sjúklinga, einkum við greiningu og meðferð bráðatilfella.

Tækið kemur í stað eldra tækis og felur í sér mikilvæga uppfærslu og aukið öryggi fyrir sjúklinga. Þróun þessa búnaðar hefur verið hröð síðustu ár og nýja tækið mun til dæmis leiða af sér minna geislaálag á sjúklinga og jafnframt hefur rannsóknarhraðinn og þar með getan aukist til mikilla muna. Við bindum vonir við að hægt verði að festa kaup á tækinu og setja það upp á næstu mánuðum.

Bráðaviðbragð í Örfæsveit

Heilbrigðisráðherra hefur falið HSU að skipuleggja bráðaviðbragð í Örfæsveit þriðja sumarið í röð til að auka öryggi íbúa og ferðafólks á svæðinu. Miklar fjarlægðir eru á þessu landsvæði milli heilsugæslustöðva. Í viðbragðinu felst stöðug viðvera sjúkabíls með reyndum sjúkraflutningamanni sem sinnir bráðþjónustu í samstarfi við björgunarsveitina Kára í Örfæum. Markmiðið er að tryggja skjót viðbrögð, svo sem ef meta þarf áverka eftir slys, bregðast við bráðaveikindum, veita fyrstu hjálp og undirbúa flutning á sjúkrastofnun ef með þarf.

Vel gengið að manna læknastöður

Að gefnu tilefni skal það nefnt að vel hefur að gengið að manna heilbrigðisþjónustu í dreifðum byggðum á Suðurlandi í sumar.

Á Höfn verður staðan góð með tvo lækna við störf yfir allt sumarið. Í Rangárþingi er búið að manna stöður með tveimur til þremur læknum alla virka daga og í Laugarási verða tveir læknar í allt sumar. Staðan í Vestmannaeyjum er einnig góð

en á heilsugæslunni verða þrír til fjórir læknar yfir hásumarið. Það hefur verið eitt af okkar lykilmarkmiðum hjá HSU að efla þjónustuna þar sem þörfin er mest, sérstaklega yfir ferðamannatímamann þegar álagið er mikið. Gott samstarf við björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila til að tryggja skjót viðbrögð þegar á reynir skiptir miklu máli. Við erum ánægð með hve vel hefur tekist að manna lykilsvæði og tryggja þannig öryggi heimafólks og gesta.

Vegferð upplýsingaflæðis

Með þessum pistli fylgir ég eftir öðru tölublaði „Hjartað í HSU“, þessum nýja fréttapósti sem hóf göngu sína á vordögum. Við höfum verið í skemmtilegri vegferð á vef og samfélagsmiðlum HSU í allan vetur með það markmið að veita innsýn í þau fjölmörgu viðfangsefni sem starfsfólk HSU er að fást við.

Með þessu verkefni dreifum við áhugaverðum upplýsingum til starfsfólks, skjólstæðinga og almennings og bjóðum þeim að kynnast okkur nánar. Verkefnið stuðlar að auknum sýnileika HSU í umdæminu og hefur vakið lukku. Öflug upplýsingamiðlun er lykilatriði í að viðhalda góðum starfsanda og tryggja að mannauðurinn okkar sé vel upplýstur um málefni sem varðar þeirra starf. Með þessum hætti leitumst við líka við að skapa opna og skilvirka samskiptamenningu innan HSU.

Jákvæðar þjónustukannanir

Að endingu vil ég þakka mínu kæra samstarfsfólki fyrir þeirra ómetanlega framlag. Það er hin öfluga teymisvinna mannauðsins hérna og metnaður til framfara og umbóta, sem gerir okkur kleift að standa undir væntingum skjólstæðinga. Það sýna jákvæðar þjónustukannanir okkar, en þær eru á stöðugri uppleið samkvæmt mælingum.

Takk! ■

10 ára afmæli og umbætur á göngudeild lyflækninga



Hinn 8. maí síðastliðinn var haldinn viðburður vegna 10 ára afmælis og umfangsmikilla endurbóta á húsnæði og speglunarbúnaði göngudeildar lyflækninga hjá HSU á Selfossi.

Göngudeild lyflækninga veitir sérfræðipjónustu á sviði barnalækninga, geðlækninga, hjartalækninga, krabbameinslækninga, lungnalækninga, meltingarfæralækninga, öldrunarlækninga og þvagfæraskurðlækninga. Á deildinni starfa núna sjö hjúkrunarfræðingar og einn sjúkraliði, auk sérfræðilækna í hlutastarfi og fullu starfi. Margir sérfræðingar göngudeildarinnar fara einnig og veita sérfræðipjónustu á hinum ýmsu starfsstöðvum HSU, svo sem í Vestmannaeyjum, á Höfn og víðar.

Á göngudeildinni eru meðal annars framkvæmd ýmis inngrip, svo sem speglanir á meltingarfærum og þvagfærum, svefnrannsóknir, lungnapróf, áreynslupróf, hjartaómskoðanir og lyfjagjafir í æð. Þar eru að auki starfræktar þrjár blóðskilunarvélar fyrir nýrnasjúklinga og fer meðferð þeirra fram í samráði við sérfræðinga Landspítala.

Meðferð flókinna lyflæknisvandamála í heimabyggð léttir líf skjólstaðinga HSU verulega og eflir á sama tíma starfsemi sjúkrahússins.





Katrín Ólafsdóttir, Guðbjörg Hjaltadóttir, Katrín Þorlákssdóttir Baxter, og Sigurbjörg G Jónsdóttir.




Katrín Þorlákssdóttir Baxter, Dána Óskarsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Guðbjörg Hjaltadóttir, Katrín Ólafsdóttir, Helgi Hafsteinn Helgason, Anna Björk Ómarsdóttir og Sigurbjörg G. Jónsdóttir.

Ómetanlegur stuðningur velunnara og starfsfólks

Göngudeild lyflækninga HSU var sett á laggirnar á sínum tíma að miklu leyti með tilstyrk frumkvæðis skjólstæðinga stofnunarinnar, aðstandenda þeirra, heilbrigðisstarfsfólks og velunnara HSU við peningasöfnun. Peningagjafir til styrktar deildinni voru fjölmargar við stofnun hennar og að verðmæti rúmlega 8,5 milljónir króna, en síðan hefur mikið bæst við.

Upphafið af söfnun fyrir deildinni var að á Læk í Flóa fæddist hvítur kálfur, sem gefinn var til uppboðs af Guðbjörgu Jónsdóttur og börnum hennar til minningar um eiginmann og föður, Gauta Gunnarsson, sem lést úr krabbameini. Hvíti kálfurinn eða Hvíti Gauti var síðan seldur á uppboði á Sunnlenska sveitadeginum í maí 2014 og safnaðist þar 1 milljón króna.

Einnig má nefna veglegar peningagjafir, en þær stærstu voru frá Arion banka (2,5 milljónir), Kvenfélagi Flóahrepps (1,4 milljónir), Oddfellow Rebekku stúkunni Þóru nr. 9 (330 þúsund), Kvenfélagi Hveragerðis (250 þúsund) og Oddfellow stúkunni Hásteini nr. 17 (260 þúsund). Jafnframt fór fram áheitaþanga þeirra Björns Magnússonar yfirlæknis, Hálfðáns Steinþórssonar tengdasonar hans og Benedikts Höskuldssonar yfir hálendi Íslands. Þar söfnuðust 1.750.000 milljónir króna, sem samanstóðu af áheitum fyrirtækja og 1 milljónar króna framlagi frá Verkalýðsfélagi Suðurlands á Hellu. ■



Móttaka gjafa til HSU

Nýverið var formleg móttaka gjafa hjá HSU og öllum forsvarsaðilum frá þeim góðgerðafélagafélögum sem gefið höfðu til stofnunarinnar undanfarið boðið að koma og þiggja kaffiveitingar á HSU og fá góðar þakkir fyrir allar gjafirnar.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands er einstaklega lánsöm stofnun með gefendur svo að þetta var talsverður hópur sem saman var kominn ásamt stjórnendum HSU.

Þau félög, sem undanfarið hafa gefið til HSU og verið var að þakka, eru eftirfarandi.

Kvenfélag Selfoss gaf sófa í setustofu á Lyflækningadeild ásamt því að gefa til Heimaspítala HSU Epoc tæki til blóðprufu í heimahúsi.



Kvenfélag Selfoss, Ingibjörg Jóhannesd., Guðný Stella Guðnad. (Heimaspítali) og Anna Birna Sverrisd.

Oddfellow Rebekkustúka nr. 9 Þóra gaf Líknardeild Lyflækningadeildar fjármagn til að innrétta setustofu fyrir aðstandendur deildarinnar, einnig gaf sama stúka til Foss- og Ljósheima samskonar upphæð sem var notuð til að kaupa hjálpartæki við flutning sjúklinga Sara Steady og lazy boy stóla.

Samband sunnlenskra kvenna gaf til heilsugæslunnar á Selfossi og til heilsugæslunnar í Rangárþingi sitthvort Tanita líkamsgreiningartækið.



Samband sunnlenskra kvenna, Jóhanna Lilja Þrúðmarsd., Arndís Fannberg (Heilsug. Rangárþ.) og Sólveig Þórðard.



Líónsklúbburinn Emblur, Unnur Eyjólfsd. (Foss- og Ljós-) Guðmunda A Auðunsd., Sigríður Karlisd., Kristín Brynja Ingólfisd., Ragnheiður Agústs., Kristín Björnsd., Ásta Andréasen, Brynhildur Tómasd., Þórunn Ingólfisd., Þuríður Fjóra Palmarsd., Sigurbjörg Hermundsd., Guðný Guðmundsd. og Dágrún Músd.



Kvenfélag Selfoss, Ingibjörg Jóhannesd., Anna Björk Ómarsd. (Lyflækningad.) og Anna Birna Sverrisd.



Kvenfélag Hveragerðis, Berglind Rós Ragnarsd. (Heilsug. Hverag.), Hólmfríður Skaftad., Svava Bjarnad., Vignir Þór Bjarnason (Heilsug. Hverag.) og Ásta Gunnlaugsd.



Lionsklúbburinn Dynkur, Sigvaldi Kaldalóns Jónsson, Unnur Eyjólfsdóttir (Foss- og Ljósheimar) og Guðmundur Sigurðsson



Oddfellow stúka nr. 9 Þóra, Guðbjörg Sigþórsd., Unnur Eyjólfsd. (Foss- og Ljósheimar), Margrét Lilliendahl og Guðrún Þórðard.



Kvenfélag Grímsnes og Grafningshrepps, María Huld Hilmarsd., Sandra Gunnarsd., Unnur Eyjólfsd. (Foss- og Ljósheimar) og Margrét Gunnarsd.



Oddfellow stúka nr. 9 Þóra, Guðbjörg Sigþórsd., Anna Björk Ómarsd. (Lyflækningad.), Margrét Lilliendahl og Guðrún Þórðard.

Vinafélag öldrunardeilda HSU Selfossi gaf nýtt kaffistell fyrir Ljósheima, rútuferðir starfsfólks deildana, rafmagns Lazy boy og píanó á Móberg.

Lionsklúbburinn Dynkur á Skeiðum gaf Foss- og Ljósheimum Carendo sturtustól.

Kvenfélag Grímsnes- og Grafningshrepps gaf Foss- og Ljósheimum peningaupphæð og tvo lazy boy stóla.

Lionsklúbburinn Embla gaf Foss- og Ljósheimum lyfjadælu og gjafabréf frá Spilavinum.

Kvenfélag Hveragerðis gaf heilsugæslunni í Hveragerði blöðruskanna.

Öll þessi félagasamtök leggja mikið á sig við að afla fjármagns til allra þessara gjafa sem allar eru kærkomin viðbót við tækjabúnað stofnunarinnar sem bætir aðbúnað og öryggi sjúklinga og starfsmanna.

Það er ómetanlegt að finna þann hlýhug sem svona gjöfum fylgir og aldrei hægt að fullþakka. HSU þakkar innilega fyrir gjafirnar og óskar öllum þessum félagasamtökum velfarnaðar í sínum óeigingjörnu störfum. ■



Samband sunnlenskra kvenna, Jóhanna L. Þrúðmarsd., Sólveig Þórðard., Árníðis Fannberg og Margrét Björk Ólafsd. (Heilsug. Self.)

„Góður þjarki gleymir sér aldrei!”

Fjármáladeild HSU // Viðtal við starfsfólk um ómetanlegar hjálparhellur af stafrænum uppruna

Fjármáladeild HSU hefur á undanförnum tveimur árum tekið stór stökk í stafrænni umbreytingu með því að innleiða þjarka, sem er íslenska heitið yfir róbóta, í ýmsa vinnuferla. Við settumst niður með starfsfólkinu og fengum innsýn í hvernig þetta ómetanlega starfsfólk af stafrænum uppruna hefur breytt daglegu starfi í deildinni.

Hvenær byrjuðuð þið að nota þjarka í rekstrinum?

„Fyrsti þjarkinn okkar var tekinn í gagnid fyrir um tveimur árum,” segir starfsfólk fjármáladeildarinnar. „Hann sækir daglega upplýsingar vegna tekjuuppgjöra úr öllum móttökum heilsugæslna HSU. Gögnin eru dregin úr Sögukerfinu og posauppgjöri Valitors og sett inn í bókunarskjal sem við yfirförum og bókum.”

Hvaða aðrir þjarkar hafa bæst við?

„Í byrjun árs 2025 hóf annar þjarki starf sitt. Hann sækir vikulega upplýsingar úr Sögukerfinu um ógreidda reikninga og sendir greiðsluseðla í heimabanka og á Island.is. Þessi róbót hefur tekið yfir verkefni sem áður voru bæði tímafrek og viðkvæm fyrir villum.”

Við heyrðum af nýjasta þjarkanum, Eldborgu. Hverju sinnir hún?

„Eldborg er þjarki sem sér um að innheimta greiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands vegna sjúklinga sem eru sjúkratryggðir innan Evrópu og sækja þjónustu til HSU. Eldborg safnar saman öllum gögnum – þar á meðal eyðublöðum, myndum af skilríkjum og kvittunum – og býr til reikninga í tekjubókhaldskerfi ríkisins. Síðan sendir hún gögnin gegnum gátt til Sjúkratrygginga, og þegar greiðsla berst, sér hún um að stemma hana af og ljúka ferlinu gegnum innheimtukerfi HSU.”

Eru fleiri lausnir í vinnslu?

„Já, í samstarfi við Advania erum við að vinna að því að þróa þjarka sem tengist rannsóknakerfinu Flexlab. Hann mun sækja kostnað vegna rannsókna sem framkvæmdar eru hjá HSU, reikna út millideildasölu og senda reikninga til annarra stofnana sem þjónustan var veitt fyrir.”



Frá vinstri til hægri er starfsfólk fjármáladeildar HSU: Margrét Björk Sverrisdóttir, Anna M. Sívertsen, Guðrún Helgadóttir, Gerður Óskarsdóttir og Dalia Vurusic. Allar hafa þær tekið þátt í innleiðingu á notkun þjarka, en Anna og Gerður þó borið hitann og þungann af verkefninu.

Hver hefur óvinningurinn verið?

„Þetta hefur einfaldlega gengið vonum framár. Ferlin eru orðin bæði skilvirkari og öruggari. Þjarkarnir leysa af mörg endurtekningaverkefni sem áður voru unnin handvirkt. Það skiptir miklu máli – góður þjarki gleymir sér aldrei, vinnur dag og nótt, gerir engin mistök og sinnir sínu hlutverki af nákvæmni.“ ■

Mannauðurinn hjá HSU á Höfn er einstakur og samvinnan upp á tíu

MANNAUÐSRAMMI // Gunnhildur Imsland, heilbrigðisgagnafræðingur hjá HSU á Höfn

Gunnhildur Imsland er heilbrigðisgagnafræðingur hjá Heilsugæslu HSU á Höfn í Hornafirði. Gunnhildur hefur starfað hjá HSU frá sameiningunni árið 2020 og þar á undan hjá HSSA undir stjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá árinu 2009. Hún vinnur í náinni samvinnu við heilbrigðisgagnafræðingateymið á Selfossi.

Heilbrigðisgagnafræði er þverfaglegt og fjölbreytt nám á sviði heilbrigðisupplýsinga við Háskóla Íslands. Námskeið í faginu eru meðal annars á sviði upplýsingafræði og heilbrigðistengdra greina. Námið hentar sérstaklega vel fyrir nemendur utan höfuðborgarsvæðis þar sem kennsla er að mestu leyti rafræn.

Hvernig er vinnudagurinn?

„Það er alltaf nóg að gera og mörg ólík verkefni sem koma inn á mitt borð. Sérstaklega ef það þarf að redda einhverju strax, þá fæ ég gjarnan það verkefni. Ég er nefnilega sú eina á heilsugæslunni sem er ekki með skipulagða og bókaða dagskrá. Þannig eru engir dagar eins hjá mér þó svo að mitt aðalhlutverk sé auðvitað að vinna sem heilbrigðisgagnafræðingur.“

Af hverju heilbrigðisgagnafræðingur?

„Það kom aldrei annað til greina en að sækja sér menntun sem heilbrigðisgagnafræðingur þegar opnað var fyrir það nám hjá Háskóla Íslands. Enda var ég búin að starfa lengi í faginu. En upphaflega byrjaði ég að leysa hér af tímabundið. Þannig að það má segja að starfið hafi valið mig frekar en ég það!“

Best við vinnustaðinn?

„Heilsugæslan HSU á Höfn er frábær vinnustaður, mannauðurinn einstakur og samvinnan upp á tíu. Hér eru engin vandamál, bara lausnir. Og svo má ekki hjá líða að nefna útsýnið héðan frá heilsugæslunni sem gefur okkur orku og hlýju alla bjarta daga!“

En hvaðan ertu?

„Ég er Austfirðingur í húð og hár, fædd og uppalin hér í Hornafirði. Hef alltaf búið hérna að undanskildum 13 árum sem ég varði í Reykjavík. Þar settist ég upphaflega að til að sækja mér menntun. Ég nam tölvunarfræði í lðnskólanum í Reykjavík, fyrst forritun og síðar tölvubókhalld. Þetta var á fyrstu dögum innreiðar internetsins og miklar breytingar áttu sér stað í náminu á þessum tíma. Ég er reyndar einnig menntaður stuðningsfulltrúi, en hef ekkert starfað við það.“



Fyrri störf?

„Á Höfn elst ég upp eins og mínir jafnaldrar við það að vinna í humri á sumrin og saltfiski á veturna með skólanum. Á árunum mínum í Reykjavík vann ég ýmis störf, enda bæði í námi og að kaupa mér mína fyrstu íbúð, ásamt því að eignast mitt fyrsta barn. En ég starfaði aðallega á veitingastöðum og Hótel Sögu, en líka á kaffihúsum og bakaríum að næturlagi. Sömuleiðis var ég eitthvað í símasölu.“

Fjölskylduhagir?

„Ég er gift Grétari Smára Sigursteinssyni, hann starfar sem vélstjóri á sjó. Ég á tvo syni, þá Agnar Jökul 29 ára og Magna Snæ 19 ára og tvær tengdadætur.“

Lífið eftir vinnu?

„Ég hef alltaf verið frekar virk og eftir að ég kom aftur hingað austur hefur líf mitt utan vinnu helgast af kórástarfi og þátttöku í pólitík og verkalyðshreyfingunni. Ég syng í Samkór Hornafjarðar ásamt því að vera varamaður í bæjastjórn Hornafjarðar og sit þar í ýmsum nefndum og stjórnnum. Ég elska náttúruna og göngur þegar tími gefst til, en á heimilinu eru tveir hundar sem kalla á útiveru auk þess sem við eigum einn kött.“ ■

Á heimavelli í heilsugæslunni

Viðtal // Berglind Rós Ragnarsdóttir, hjúkrunarstjóri heilsugæslu HSU í Hveragerði og Þorlákshöfn

Berglind Rós Ragnarsdóttir er hjúkrunarstjóri á heilsugæslu-stöðvunum í Hveragerði og Þorlákshöfn. Við tókum hús á Berglindi og spurðum fyrst um upprunann. „Ég er fædd og uppalin í neðra Breiðholti. Ég er því algjört borgarbarn, stóð að minnsta kosti í þeirri trú alveg þangað til að við fjölskyldan tókum ákvörðum um að flytja út fyrir höfuðborgina fyrir rétt tæpum 5 árum síðan. Við erum búsett í Hveragerði og viljum hvergi annarsstaðar vera. Ég er því smá sveitastelpa í mér eftir allt saman!”

Berglind Rós hóf störf á heilsugæslunum í Hveragerði og Þorlákshöfn haustið 2020 og sinnti þar ýmsum verkefnum sem tilheyra undir heilsugæslu en var þó að mestu í heimahjúkrun. Það var svo árið 2023 sem hún tók við stöðu hjúkrunarstjóra.

Samvinna, gleði og virðing einkennir teymið

Hvernig er starfslýsingin þín og vinnudagurinn? „Sem hjúkrunarstjóri ber ég ábyrgð á daglegum rekstri, skipulagi eininga og hjúkrunarþjónustu í góðri samvinnu við starfsfólk. Ég er auk þess að sinna klínískri hjúkrun samhliða og finnst gaman að takast á við allskonar verkefni. Þessi misserin eru nokkur spennandi verkefni í gangi á heilsugæslunum í Hveragerði og Þorlákshöfn sem krefjast fundarsetu, námsdaga og skipulagsvinnu með góðum hópi fólks. Starfið mitt er því mjög fjölbreytt, enginn dagur er eins og ég hlakka alltaf til að mæta í vinnuna. Það er dýrmætt. Starfsfólkið og starfsandinn er númer 1, 2 og 3 í teyminu mínu. Hér ríkir mikil samvinna, gleði og virðing.”

Sjúkraliði og hjúkrunarfræðingur

Hvernig gekk menntavegurinn fyrir sig? „Eftir grunnskólann hóf ég nám við Fjölbautaskólann í Breiðholti og útskrifaðist sem sjúkraliði með stúdentspróf árið 2006. Það var svo ekki fyrr en tíu árum seinna, árið 2016, sem ég fór loksins í hjúkrunarfræði við HÍ og útskrifast úr því námi árið 2020. Þremur árum seinna var svo ég búin að bæta við mig diplómagráðu í öldrunar- og heimahjúkrun. Ég stefni á frekari menntun sem nýtist í mínu starfi og er stöðugt með augu og eyru opin fyrir tækifærum til að dýpka þekkingu.”

Á heimavelli í heilsugæslunni

En hvers vegna valdirðu þennan starfsferil og þessa menntun? „Innst inni og alveg frá því ég man eftir mér hef ég alltaf haft þann draum að starfa innan heilbrigðiskerfisins. Fyrst sem ljósmóðir, en svo lá áhuginn í að verða skurðlæknir eða skurðhjúkrunarfræðingur. Á meðan ég var í sjúkraliðanáminu vann ég á hjúkrunarheimili og þar kviknaði áhuginn minn á öldrunarhjúkrun þótt ég hafi síðan ekki alltaf starfað á því sviði. Sá áhugi varð svo enn sterkari í hjúkrunarfræðináminu ásamt heilsugæsluhjúkrun og nú er ég loksins búin að ákveða hvað ég ætla að verða þegar



Berglind Rós Ragnarsdóttir hjúkrunarstjóri.

ég er orðin stór, ekki seinna vænna, alveg að verða fertug. Á heilsugæslunni er ég á heimavelli. Heilsugæslan er fjölbreyttur starfsvettvangur þar sem maður fær tækifæri til að sinna allskonar verkefnum og kynnast fjölbreyttum hópi skjólstæðinga. Ég brenn fyrir faginu og er mjög stolt af því að vera hjúkrunarfræðingur.”

Sjúkraliði á hjúkrunarheimilum og geðsviði

Hvað gerirðu áður, lumarðu ekki á markverðum fyrir störfum? „Ég vann nokkur ár á hjúkrunarheimilum samhliða sjúkraliðanáminu og eftir útskrift 2006 starfaði ég sem sjúkraliði á geðsviði Landspítalans í nokkur ár. Fór um tíma í sjálfstæðan atvinnurekstur, en heilbrigðisgeirinn togaði alltaf fast í mig. Meðfram hjúkrunarfræðináminu var ég með annan fótinn á heila-, tauga og bæklunarskurðeild á Landspítalanum. Það blundaði þó alltaf í mér að fara

meira út í öldrunarhjúkrun og strax eftir útskrift úr hjúkrunarfræðinni vann ég í heimahjúkrun hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins."

Þriggja barna móðir gift listmanni

Við forvitnumst um fjölskylduhagi Berglindar. „Ég er gift Sindra Arinbjarnarsyni. Hann er starfandi húðflúrari á Íslenzku húðflúrstofunni, einni elstu húðflúrstofu landsins. Við eigum saman tvær dætur þær Heiðdís Lilju 12 ára og Söldís Þúfu 6 ára. Auk þess græddi ég eina bónusstelpu, hana Efemíu, sem er 25 ára myndlistarkennari og búsett í Noregi." Alltaf með eitthvað á þjónunum

Að endingu spyrjum við um lífið eftir vinnu.

„Ég þjóna mjög mikið og hlusta á meðan á góða glæpasögu á Storytel. Ég verð alltaf að hafa eitthvað á þjónunum og fer helst ekki út úr húsi án þjónatöskunnar. Ég er líka afskaplega dugleg að deila þjónaboðskapnum og til að mynda erum við nokkur í vinnunni að þjóna okkur jólaþeysur í tæka tíð fyrir næstu jól. Hittumst reglulega utan vinnutíma og þjónum saman. Frítímanum eyði ég að mestu heima með fjölskyldunni og heimiliskettinum henni Mæju. Við ferðumst líka reglulega hvort sem það er innanlands eða utanlands og höfum gaman að því að upplifa nýja staði og njóta samverunnar öll saman." ■

Heilsugæsla HSU í Hveragerði og Þorlákshöfn í hnotskurn



Eva Sigríður Kristmundsdóttir (heimilislæknir), Vignir Þór Bjarnason (yfirlæknir), Ómar Ragnarsson (heimilislæknir), Hrafn Hlídal (læknir), Ásta Kristjana Jensdóttir (móttökuritari fyrir miðju), Berglind Rós Ragnarsdóttir (hjúkrunarstjóri), Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir (hjúkrunarfræðingur) og Súsanna María Kristinsdóttir (hjúkrunarfræðingur).



Sólborg Berglind Heimisdóttir (læknir), Hrönn Harðardóttir (hjúkrunarfræðingur), Guðný Sigurðardóttir (hjúkrunarfræðingur), Elín Þóra Elíasdóttir (læknir), Rakel Daðadóttir (móttökuritari) og Sigrún Ína Ásbergsdóttir (hjúkrunarfræðingur).

Hver eru helstu verkefni stöðvanna?

„Verkefnin eru mörg og fjölbreytt. Við sinnum almennri heilsugæslu og starfsemin er nokkuð svipuð á báðum stöðvum. Við lítum á Hveragerði og Þorlákshöfn sem eina heilsugæslustöð í tveimur húsum og skipuleggjum starfsemina eftir því. Flest okkar starfsfólk fer á milli stöðvanna tveggja og við vinnum eftir sama verklagi. Fyrir utan hefðbundnar lækna- og hjúkrunarmóttökur sinnum við mæðravernd, ungabarnavernd og ungarnavítjunum, heimahjúkrun, skólahjúkrun og lífstílsmóttökum, svo eitthvað sé nefnt."

Hversu mörg eruð þið?

„Starfsmannahópurinn um 18 manns að öllu jöfnu. Þar af eru 6 læknar, 8 hjúkrunarfræðingar, 3 móttökuritarar og starfsfólk í ræstingu. Svo erum við lánsöm að fá reglulega til okkar verktaka og sérnámsgrunnlækna í skemmri eða lengri tíma. Auk þess koma til okkar ljósmæður, lífeindafræðingar, sálfræðingar og barnalæknir. Það ríkir mikil og góð samvinna á milli stöðvanna tveggja ásamt samvinnu við aðrar heilsugæslustöðvar og fagfólk innan HSU. Það eru engir hausverkir, bara lausnir"

Er eitthvað spennandi á sjóndeildarhringnum?

„Það eru allskonar spennandi verkefni í gangi hjá okkur sem miða að því að bæta þjónustu við skjólstæðinga okkar enn frekar. Hveragerði er til að mynda eitt af sveitarfélögum sem tekur þátt í verkefninu Gott að eldast og er ég nýlega komin heim frá Lissabon þar sem ég sótti alþjóðlega ráðstefnu fyrir fagfólk og stefnumótendur sem vinna að samþættri heilbrigðis- og félagsþjónustu í heimahúsi. Við erum einnig að vinna að verklagi í tengslum við lífstílsmóttökur í samvinnu við næringarráðgjafa og bindum við vonir um að fá fleiri fagaðila þar inn."

Hvernig hljómar framtíðarsýnin?

„Okkar markmið er alltaf að tryggja góða þjónustu og auka framboð eftir þjónustu eins og hægt er. Undanfarna mánuði höfum við til dæmis aukið framboð eftir tímum í blóðrannsókn sem mikil ánægja er með meðal skjólstæðinga og starfsfólks. Heilsugæslan í Hveragerði fékk blöðruómtæki að gjöf frá Kvenfélagi Hveragerðis um síðustu jól sem hefur nýst mjög vel í okkar starfsemi. Jafnframt getum við nú boðið upp á öndunarmælingar í bæði Hveragerði og Þorlákshöfn." ■

Fjarvöktun HSU er einstakt nýsköpunarverkefni á landsvísu

Viðtal // Frumkvöðlarnir í Fjarvöktun HSU: Margrét Björk Ólafsdóttir hjúkrunarstjóri og Anna Margrét Magnúsdóttir aðstoðardeildarstjóri

Frumkvöðlarnir í Fjarvöktun HSU eru leiðandi sérfræðingar í slíkum verkefnum á landsvísu og nú horfa flestar ef ekki allar heilbrigðisstofnarnir landsins til frumkvæðis HSU á þessu sviði. Fjarvöktun HSU á það sameiginlegt með Heimaspítala HSU að hún er að mörgu leyti að styðja við sama skjólstæðingahópinn, fyrst og fremst eldra fólk. Fjarvöktunin styrkir eftirlit með skjólstæðingum með langvinna sjúkdóma og stuðlar að umbótum, nýbreytni og auknum gæðum í heilbrigðisþjónustu. HSU notast í verkefninu við norska fjarvöktunarhugbúnaðinn Dignio.

Fjarvöktun HSU þykir einstakt nýsköpunarverkefni í íslensku heilbrigðisþjónustu og þótt víðar væri leitað. Við ræðum hérna við aðstandendur Fjarvöktunar HSU, þær Margréti Björk Ólafsdóttur, hjúkrunarstjóra heilsugæslu HSU á Selfossi, og Önnu Margréti Magnúsdóttur, aðstoðardeildarstjóra heilsugæslu HSU á Selfossi.

Stækkandi hópur

„Staðan á verkefninu er góð, Við erum sífellt að vakta fleiri og fleiri skjólstæðinga okkar í gegnum Dignio. Hópurinn telur alls um 40 einstaklinga er sífellt að stækka. Hópurinn er mjög fjölbreyttur, en á það sameiginlegt að hafa fjölþættan heilsufarsvanda þar sem fjarvöktun nýtist vel.“

Himinlifandi skjólstæðingar

Hvernig hafa skjólstæðingar HSU tekið ykkur? „Eins vel og hugsast getur. Í upphafi innleiðingarinnar renndum við dálítið blint í sjóinn varðandi það hvernig fjarvöktunarkerfið Dignio myndi nýtast skjólstæðingum og okkur starfsfólkinu. Þar sem við vorum fyrsta heilbrigðisstofnunin til að innleiða Dignio, þurftum við í raun að trúa orðum söluaðilans um að þetta væri hjálplegt. Gott hefði verið að geta fengið álit annarra notanda, en þeir voru ekki til. Skjólstæðingar okkar sem eru fjarvaktar, tjá sig um mikið öryggi, tengdum vöktunum og sýna aukna ábyrgð varðandi heilsufar sitt.“

Vilja stækka skjólstæðingahópinn

Hver eru næstu skref? „Varðandi heilsugæslustöðina á Selfossi eru næstu skref klárlega að halda áfram með fjarvöktun og stækka hópin enn frekar. Draumurinn er að fjarvöktun verði áhrifarík og góður valkostur varðandi lyfjabreytingar og annað hjá heimilislæknunum. Það myndi léttja mjög álagi og fækka komum á heilsugæslustöðina þar sem tímar eru af skornum skammti.“



Margrét Björk Ólafsdóttir hjúkrunarstjóri og Anna Margrét Magnúsdóttir aðstoðardeildarstjóri.

Miklir möguleikar

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að hægt væri að þróa fjarvöktunarþjónustu HSU enn frekar? „Í rauninni eru möguleikarnir mjög margir, við erum rétt að byrja. Umdæmi heilsugæslunnar á Selfossi, er mjög fjölmennt og það felast margir möguleikar í því að taka inn í Dignio enn fleiri sjúklingahópa. Varðandi útstöðvarnar utan Árborgar felast möguleikarnir hins vegar einnig í því að léttja heilbrigðisstarfsfólki og skjólstæðingunum sjálfum ferðalögin. Í heimahjúkrun til einstaklinga sem þarf að fylgjast með, er jafnvel verið að keyra langar vegalengdir eftir



eðlilegum mælingum. Þess í stað væri hægt að fjarvakta þessa einstaklinga á meðan að tími og kraftar starfsmannsins myndi nýtast veikari skjólstæðingum betur.”

Frumkvöðlar á landsvísu

Hvað með á landsvísu... hafið þið heyrt af svipuðum verkefnum annars staðar? „Við hjá HSU erum búin að hitta fulltrúa frá flestum ef ekki öllum heilbrigðisstofnunum á landinu á fundum til að kynna þetta fyrir þeim, að þeirra frumkvæði. Við höfum haldið fjölda fyrirlestra frá því að við byrjuðum fjarvöktunina; haldið erindi á ráðstefnum, fræðslum, fundum og víða fyrir heilbrigðisstarfsfólk og fleiri. Við höfum meðal annars kynnt verkefnið og verklagið fyrir landlækni, ráðherrum, forstjórum heilbrigðisstofnana og mörgum fleirum. Tókum til að mynda þátt í starfsþróunardegi nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga á Landspítala fyrir skemmstu. Einhverjir aðilar eru farnir að nota fjarvöktunarkerfi, en eru ekki komin með þessa reynslu sem við höfum.”

Fjarvöktun er framtíðin á heimsvísu

Og hvað með á heimsvísu... er þetta ekki framtíðin í heilbrigðisþjónustu? „Jú, fjarvöktun er framtíðin bæði hér á landi og út um allan heim. Í ljósi þess að mannfjöldaspár gera ráð fyrir gríðarlegri fjölgun aldraðra hér á landi og um

víða veröld þarf að bregðast við. Auknum aldri fylgja gjarnan aukning á heilbrigðisvandamálum þótt að það sé ekki algilt. Kerfin okkar, eins og þau er uppbyggð í dag, anna ekki þessum fólksfjölda. Það að við færum þjónustuna heim til fólks, í stað þess að fá alla inn á stofnanir er jákvætt. Með því að fjarvakta einstaklinga, fáum við upplýsingar sem okkur eru nauðsynlegar til að geta metið ástand skjólstæðinga okkar. Þær upplýsingar eru teknar í heimhúsi, á heimavelli einstaklingsins.” ■

Eyjakonnan sem stýrir röntgendeild HSU veit fátt betra en handavinnu og bókalestur

HSU Selfossi // Aðalbjörg Skarphéðinsdóttir, deildarstjóri röntgendeildar HSU

Geislafræðingurinn Aðalbjörg Skarphéðinsdóttir er deildarstjóri röntgendeildar HSU þar sem hún stýrir öflugu teymi níu sérfræðinga. Aðalbjörg er fædd og uppalin í Eyjum. Hún sneri þangað aftur ásamt eiginmanni sínum til að vinna sem geislafræðingur og ala upp börnin þeirra þrjú að námi loknu áður en hún hélt aftur upp á meginlandið. Í dag er hennar starfsstöð hjá HSU á Selfossi. Aðalbjörg veit fátt betra en hannyrðir og bókalestur sem hún nýtur gjarnan á hljóðbókaformi í göngutúrum. Hún segir starfsfólkið það besta við vinnustaðinn og stýrir öflugu teymi níu sérfræðinga.

Kröftugt teymi

Hjá röntgendeild HSU starfar kröftugur hópur í fremstu röð. Á Selfossi eru sex geislafræðingar og einn nemi og í Vestmannaeyjum eru tveir geislafræðingar. Hjá heilsugæslu HSU á Höfn eru hjúkrunarfræðingur og læknir sem sjá um röntgenmyndatökur þar. Teymið sér um að taka röntgen- og tölvusneiðmyndir í umdæminu, sem telur um 30 þúsund manns og spannar um þriðjung Íslands. Þrjú röntgentæki og tvö tölvusneiðmyndataeki skiptast milli bæjarfélaganna í Eyjum, á Höfn og Selfossi.

Pinn verkahringur?

„Í mínum verkahring eru að hafa umsjón með daglegum rekstri myndgreiningardeildar eins og röntgendeildin heitir formlega. Það felur meðal annars í sér að stilla upp vaktaplönunum og hafa umsjón með mönnun á starfsfólki. Einnig sinni ég daglegri vinnu og geng vaktir á deildinni hérna á Selfossi.“

Best við vinnustaðinn?

„Það besta við vinnustaðinn er auðvitað samstarfsfólkið. Hér vinnur flott og gott starfsfólk.“

Hvaðan ertu?

„Ég fæddist í Vestmannaeyjum 5. janúar 1976 og eftir hefðbundna skólagöngu í Eyjum útskrifaðist ég með stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum þar og seinna sem geislafræðingur frá Tækniháskóla Íslands vorið 2004.“

Fyrri störf?

„Ég starfaði við ýmislegt meðfram skóla og vann til dæmis í fiskvinnslu, sjoppu, félagsmiðstöð og ÁTVR. Svo var ég einnig flokksstjóri í unglingavinnunni í Eyjum. En ef ég þyrfti að velja eitthvað annað en það sem ég fæst við í dag þá yrði eitthvað tengt handavinnu fyrir valinu.“



Aðalbjörg Skarphéðinsdóttir.

Hvers vegna geislafræðingur?

„Mér fannst starfið áhugavert strax við fyrstu kynni og það hjálpaði líka til að það var auðvelt að fá vinnu við það. Þetta námsval mitt var því fremur einfalt. Ég vissi að það var vöntun á geislafræðingum, sérstaklega í Eyjum þaðan sem ég er. Þar af leiðandi taldi ég miklar líkur á að geta snúið heim að loknu námi með fjölskylduna mína og geta alið börnin mín upp í Eyjum. Eftir að hafa sjálf alist upp þar og vitandi hvað það er gott að vera þar, þá var það auðveld ákvörðun að fara heim eftir nám og þetta gekk allt saman eftir.“



Frá vinstri til hægri eru Dóra Krístrún Brynjarsdóttir, Aðalbjörg Skarphéðinsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir Andreasen.

Fjölskylduhagir?

„Ég er gift Magnúsi Inga Eggertssyni húsasmíðameistara, sem starfar í dag sem verkstjóri hjá Þjónustumiðstöð Árborgar. Við eigum þrjú börn og hund.“



Axel Bragi Bjarnason í Eyjum undirbýr tölvusneiðmyndatöku.



Frá vinstri til hægri eru Guðrún Óskarsdóttir Andreasen, Karlo Publico Mendoza (Brigs) og Þórkátla Hermannsdóttir.

Lífið eftir vinnu?

„Helstu áhugamál mín eru handavinna, einkum þrjón og hekl. Ég les mikið og hlusta á hljóðbækur. Er yfirleitt með bók í eyrunum í göngutúrum og svo er Kindle-rafbókin mín aldrei langt undan. Einnig finnst mér gaman í góðum göngutúrum, sérstaklega þegar veðrið er gott.“ ■

„Hjá geðheilsuteymi HSU er traust og virðing ofar öllu“

HSU á Selfossi // Svanhildur Inga Ólafsdóttir, teymisstjóri geðheilsuteymis

Félagsráðgjafinn og fjölskyldufræðingurinn Svanhildur Inga Ólafsdóttir er teymisstjóri geðheilsuteymis Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU). Viðmælandi okkar er fædd í Vestmannaeyjum árið 1979 og bjó þar sín fyrstu 10 ár, en flutti þá á Selfoss þar sem hún hefur búið nokkuð samfleytt síðan. Sem félagsráðgjafi starfaði Svanhildur áður við barnavernd og starfstengda endurhæfingu og rak svo eigið fyrirtæki í nokkur ár áður en hún var ráðin teymisstjóri geðheilsuteymis HSU í ágúst 2019.

Traust og virðing ofar öllu

Hvernig er samsetning og fjöldi starfsfólks í Geðheilsuteyminu? „Teymið hérna á Selfossi er skipað átta starfsmönnum og við erum að auki í náinni samvinnu við önnur teymi og deildir innan HSU. Fagþekking í teyminu er fjölbreytt og allt starfsfólk hefur byggt ofan á sína grunnmenntun og með sérhæfingu á mismunandi sviðum. Ég er virkilega stolt af þeim starfsmannahópi sem ég vinn með. Hjá geðheilsuteymi HSU er traust og virðing ofar öllu.“

Magnað mötuneyti

Hvað er það besta við vinnustaðinn? „Ég hlakka til að mæta í vinnuna á hverjum degi því ég vinn með fólki sem hefur húmor, vinnur vel og þétt saman, hugar að hvort öðru, er lausnamiðað og er tilbúið að hugsa út fyrir boxið. Ég tel það til forréttinda að starfa á vinnustað eins og HSU þar sem maður fær tækifæri til að vaxa og þróast í sinni faggrein. Og svo er mötuneytið líka magnað og alltaf góður matur sem ýtir undir starfsánægju!“

Stjórnandi með tvo hatta

Við forvitnumst um starf Svanhildar. „Ég er í rauninni með nokkra hatta ef þannig má að orði komast. Sem teymisstjóri ber ég ábyrgð á starfsemi teymisins, mannaforða, stuðla að þróun, skipulagi og endurskoðun verklags. Ég hef einstakan hóp fagaðila í teyminu sem mér þykja forréttindi að fá að starfa með. Starfsfólk teymisins er víðsýnt og lausnamiðað og vinnum við saman að því að veita fjölbreytta þjónustu. Annar hattur er að vera málastjóri sem hefur það hlutverk að halda utan um meðferðaráætlun skjólstæðinga í teyminu, veita meðferð og hópaúrræði. Einnig fer mikill tími í allskonar fundi er varða samstarf, ákvarðanir, framkvæmdir og þróun.“

Vaxandi þjónustubörf

„Geðheilsuteymið er skilgreint sem 2.stigs skammtíma geðendurhæfing fyrir einstaklinga með greindan geðsjúkdóm, sem þurfa á þverfaglegri þjónustu að halda. Teymið var



Svanhildur Inga.

stofnað á haustmánuðum 2019 og umfang verkefna hefur vaxið mikið á þeim fimm árum sem við höfum starfað. Okkar verkefni eru gríðarlega mörg og fjölbreytt. Geðheilbrigðismál hafa verið mikið í umfjöllun síðustu ár og auðvitað tókum við undir þær áhyggjur sem eru á lofti varðandi bið eftir þjónustu. En þetta er oft og tíðum mjög flókinn vandi og mikilvægt að vanda vel til verka og finna lausnir með einstaklingunum sem miða að þeirra bata og betri lífsgæðum. Samvinna við önnur kerfi eða önnur úrræði er sömuleiðis áriðandi verkefni, sem og að vinna með einstaklingum heilðrænt.“

Stöðug framþróun

Er eitthvað nýtt á sjóndeildarhringnum í vinnunni? „Teymið er í stöðugri þróun og við viljum að þjónustan taki breytingum í takt við þarfir einstaklinganna sem nýta þjónustuna. Við horfum bjartsýn á framtíðina og höfum trú á að húsakostur teymisins muni batna og að við fáum tækifæri til að stækka



Geðheilsuteymi HSU á Selfossi. Frá vinstri til hægri eru Ragnheiður Kristín Björnsdóttir (fremst), Guðrún Geirsdóttir, Svanhildur Inga Ólafsdóttir, Helena Bragadóttir, Jónína Lóa Kristjánsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Thelma Sif Einarsdóttir. Á myndina vantar Gunnhildi Stellu Pálmarsdóttur.

og efla okkar þjónustu. Við höfum miklar væntingar um stækkun teymisins til að geta útfært þjónustuna á þann hátt að biðlistar styttest. Við viljum efla þau meðferðarúrræði sem við þegar höfum upp á að bjóða og framtíðarsýnin er að HSU verði framúrskarandi í þjónustu á geðheilbrigðissviði.”

Menntavegurinn

Við lítum aftur til fortíðar og spyrjum Svanhildi um menntavegin. „Ég lauk grunnskóla á Selfossi, en tók mér síðan frí frá námi í óþarflega langan tíma. Með hvatningu og stuðningi frá fjölskyldunni lauk ég svo stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurlands og lærði félagsliða í Borgarholtsskóla áður en ég nam félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Tveimur árum eftir að ég lauk meistaraþrófi í félagsráðgjöf bætti ég við mig tveggja ára námi í fjölskyldufræði, ásamt því að læra sáttamiðlun og EMDR-áfallameðferð, sem ég legg áherslu á að viðhalda með reglulegri sí- og endurmenntun.“

Brennandi áhugi á fólki

En hvers vegna valdirðu þér þennan starfsferil? „Starf félagsráðgjafa er fjölbreytt og skemmtilegt og snertir marga fleti í vinnu með einstaklingnum. Ég held að brennandi áhugi minn á fólki hafi leitt til þess að ég valdi þennan starfsvettvang. Mér finnst saga hvers og eins áhugaverð og er þakklát öllum þeim sem hafa treyst mér til að vinna með sér.“

Áhrifaríkur vinkonuhópur

Voru einhverjir áhrifavaldar eða áhrifaþættir öðrum fremri þegar kom að því vali? „Hugsanlega hefur vinkonuhópurinn haft áhrif á unglingsárunum, við áttum mörg trúnaðarsamtöl og leituðumst við að styðja hver aðra. Ég myndi segja að vinnan mín í dag sé nokkuð áþekkt slíkum samtölum þar sem skjólstæðingar veita manni traust fyrir sínum erfiðustu tilfinningum og erfiðleikum og við reynum síðan í sameiningu að finna leiðir til að bæta líðan.“

Formaður krabbameinsfélags Árnessýslu

Hvernig eru fjölskylduhagir og lífið utan vinnu? „Ég er gift Ölver Jónssyni flugmanni og við eigum fimm börn, hund og páfagauk. Síðustu sex ár hef ég gegnt starfi formanns Krabbameinsfélags Árnessýslu þar sem ég nýt þess að byggja upp þjónustu í heimabyggð ásamt öflugri stjórn og sjálfboðaliðum sem koma að starfinu. Ég stunda jafnframt líkamsrækt og ver tíma með fjölskyldunni minni. Okkur finnst gaman að ferðast erlendis, fara í útilegur eða dvelja í sumarbústað. ■



// MANNAUÐSRAMMI //

Lars Jóhann Andrésson Imsland starfar sem húsvörður og sjúkraflutningamaður hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Höfn í Hornafirði. Lars er fæddur og uppalinn á Höfn. Hann hefur starfað sem sjúkraflutningamaður í rúmlega tvo áratugi, en verið húsvörður hjá HSU á Höfn undanfarin fjögur ár.

Best við vinnustaðinn?

„Samstarfsfólkið, metnaður þess og þjónustulund. Síðan er vinnustaðinn og húsnæðið til fyrirmyndar þótt ég sé mögulega smávegis hlutdrægur í því áliti... Afi minn, Larz Imsland, var húsvörður hjá Heilsugæslunni í einhverja áratugi og svo faðir minn, Andrés Júlíusson, auk þess að vera sjúkraflutningsmaður til áratuga. Það lá því nokkuð beint við að taka við af þeim á sínum tíma.“

Fyrri störf?

„Ég hef komið við á mörgum sviðum atvinnulífsins. Verið heimavistarstjóri, húsvörður víðar en hér, sundlaugarstarfsmaður, múrari, málari, smiður, unnið á bifvélaverkstæði og verið slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður. Einnig hef ég átt og rekið skemmtistað og söluvagn. Að auki hef ég lengi verið virkur í nefndum og ráðum í samfélaginu okkar hér á Höfn. Sat líka í stjórn AFLs starfsgreinafélags í mörg ár. Samhliða núverandi störfum eigum við hjónin og rekum fyrirtækið East Coast Travel ehf., sem er akstursfyrirtæki með sérleyfisakstur og sérhæfðar skoðunarferðir.“

Fjölskylduhagir?

„Eiginkona mín er Elsa Gerður Hauksdóttir og við eigum þrjá stráka, tvíburana Júlíus Aron og Björgvin Frey, fædda 2002, og svo Elís Mána, fæddan 2013.“

Lífið eftir vinnu?

„Sinna fjölskyldunni, vinna við húsið og sumarbústaðinn og auðvitað að hugsa um fyrirtækið.“ ■



// MANNAUÐSRAMMI //

Aðalsteinn Baldursson hóf störf sem hjúkrunarfræðingur á Hraunbúðum hinn 15. febrúar 2024.

Starfsferillinn?

„Ég byrjaði sem sjúkraliðanemi á sjúkrahúsinu hér í Eyjum vorið 1996. Ég starfaði þar sem sjúkraliði þangað til að ég fór hóf nám í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri þaðan sem ég útskrifaðist sumarið 2006. Ég byrjaði svo að vinna á BUGLinu skömmu fyrir útskriftina og var þar í rúmt ár. Þaðan lá leiðin austur á Egilsstaði og þar var ég í eitt ár. Ég hóf svo að vinna á öryggisgeðdeild Landspítala haustið 2008 og var að starfa hjá spítalanum og seinna Reykjavíkurborg þangað til að ég ákvað að koma aftur heim í fyrra.“

Best við starfið?

„Ég er hérna að sinna mínu draumastarfi, sem er hjúkrun. Einnig býr móðir mín hérna á Hraunbúðum.“

Best við Eyjar?

„Lítið og náíð samfélag, náttúran og hefðirnar. Og að sjálf-sögu fjölskyldan og allir vinirnir sem hér búa. Það munar ótrúlega mikið um að vera þrjár mínútur í vinnuna í stað þess að vera allt að þrjátíu mínútur eins og var stundum hjá mér þegar ég bjó í borginni. Þannig verða óneitanlega til all nokkrar mínútur á hverjum degi sem nýtast í samveru með fjölskyldunni eða bara til að njóta lífsins.“

Lífið eftir vinnu?

„Ég er nýfluttur aftur hingað heim eftir 18 ára fjarveru. Ég svaraði því oft til að ég ætti heima í Eyjum þó svo að ég hefði búsetu í borginni. Ég á systkini hérna í Eyjum og fleiri nákomna ættingja og nýt þess að umgangast þau. Ég hef að auki starfað með Björgunarfélagi Vestmannaeyja frá því ég var 14 ára og geri það enn. Er meðal annars í Svæðisstjórn Slysavarnarfélagsins Landsbjargar hér í Eyjum. Einnig er ég í félagsskap sem heitir Old Table.“ ■



Hluti af móttökuteymi HSU á Selfossi. Frá vinstri eru Herdís Ýr Ásgeirsdóttir, Þórunn Gunnarsdóttir, Greta Sverrisdóttir og Valgerður Knútsdóttir.

Öflug móttaka sinnir tugþúsundum heimsókna

HSU á Selfossi // Greta Sverrisdóttir, móttökustjóri

Greta Sverrisdóttir, móttökustjóri HSU á Selfossi, fæddist 21. apríl 1966 suður með sjó í Keflavík. Eftir hefðbundna grunnskólagöngu gekk Greta í Menntaskólann við Sund og lauk svo annars vegar BSc-gráðu í landafræði og ferðamálum og hins vegar meistarafráðu í rekstrarfræði í fristundamálum við sitt hvorn háskólann í Bandaríkjunum.

Preföld amma

Við forvitnumst um fjölskylduhagi og líf Gretu utan vinnu. „Ég á þrjú uppkomin börn og fjögur barnabörn, ásamt því að eitt er á leiðinni. Utan vinnu nýt ég samveru með fjölskyldunni og góðum vinum, les góðar bækur og ferðast og kynnist öðrum menningarheimum. Nýlegast er ógleymanlegt ferðalag um þjóðgarða Klettafjalla í Bandaríkjunum þar sem við ókum um 3.000 kílómetra í heildina.“

Þrautreyndur stjórnandi

„Ég hef megnið af starfsferli mínum sinnt stjórnunarstörfum í þjónustu, þá aðallega í tengslum við yngri kynslóðina. Fyrir nokkrum árum ákvað ég síðan að breyta til og kynna mér heilbrigðiskerfið. Þar spilaði líka inn í að hætta að ferðast stöðugt til Reykjavíkur til vinnu. En ég sé ekki eftir þessari breytingu, því að hér hjá HSU ríkir afskaplega jákvæður starfsandi, stuðningur yfirmanna er mikill og verkefnið mjög fjölbreytt. Ég hef að auki unnið við þýðingar í hjáverkum.“

Fjölbreytt starf

Í móttöku HSU á Selfossi eru 10 starfsmenn, sem vinna vaktavinnu og skiptast á við að svara síma eða sinna afgreiðslu. Starf móttökustjóra felst mikið til í samskiptum við annað fólk, bæði við afgreiðslu og í síma ásamt samskiptum

við hinar ýmsu deildir innan HSU og starfsfólk þar. „Stór hluti starfsins felst líka í ýmis konar verkefnavinnu af margvíslegu tagi. Við í móttökunni sjáum um samskipti við skólustæðinga HSU, afgreiðslu, símsvörun og leiðbeinum fólki með hverjar þær fyrirspurnir sem það kann að hafa. Við erum einnig hinum ýmsu deildum HSU innan handar með mörg ólík verkefni.“

Mikið umfang

Umfangið hjá móttökuteymi HSU á Selfossi er umtalsvert. „Við erum svo lánsöm að hafa mjög öflugt teymi hérna í móttökunni og gegnum okkur fer á einn eða annan hátt allt sem tengist komum til heimilislækna, hjúkrunarfræðinga, bráðamóttöku, komur útlandinga og annars ferðafólks, myndgreiningar, rannsóknir, mæðravernd, maga- og ristilspeglanir, komur til sérfræðinga og komur í krabbameinslyfjagjöf, lyfjagjafir, mæðravernd og ungbarnavernd. Sumt meira en annað.“

Tugþúsundir af komum

Ef litið er til fyrrnefnds umfangs í ársskýrslu HSU fyrir árið 2023, þá voru þar 52.262 komur til heimilislækna í umdæminu, 20.941 komur á bráðamóttöku HSU á Selfossi, 32.975 komur til hjúkrunarfræðinga, 8.704 komur og meðferðir í endurhæfingu, á 3.398 komur í mæðravernd, 1.101 komur í krabbameinslyfjagjafir, 1.110 í aðrar lyfjagjafir, 3.206 viðtöl við geðheilsuteymi, 1.478 viðtöl við sálfræðinga, 831 komur í blóðskilun og 6.585 komur til sérfræðinga á göngudeild. Áætlað er að dagleg símtöl til móttöku HSU á Selfossi séu 200-300 talsins. ■

Umbótasinnaði hjúkrunarfræðingurinn sem hætti við að verða enskukennari... en væri líka til í að vinna á bar í Portúgal

HSU á Selfossi // Kolbrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri bráðamóttöku

Viðmælandi okkar að þessu sinni er Kolbrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) á Selfossi. Fastráðið starfsfólk þar er 44 talsins og samanstendur af sjúkraliðum, hjúkrunarfræðingum og læknum, auk þess sem framúrskarandi nemar í þessum þremur fögum starfa einnig á móttökunni. Læknar sem koma tímabundið á bráðamóttökuna á vaktir í verktöku eru um 30 til viðbótar. Kolbrún lærði upphaflega ensku og ætlaði sér að verða kennari, en vatt kvæði sínu í kross á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þar sem hún varð hugfangin af hjúkrun. Hún brennur fyrir umbótastarfi á deildinni og segir mannskapinn þar samhentan og eldhressan.

Humarvinnsla og sjoppugella

Kolbrún fæddist árið 1989 á Selfossi og gekk menntaveginni í grunnskólanum í Þorlákshöfn, Fjölbrautaskóla Suðurlands og Háskóla Íslands. Hún á að baki glettilega fjölbreyttan starfsferil þrátt fyrir ungan aldur. „Þar koma til dæmis við sögu humarvinnsla og fiskvinnsla, ásamt því sem ég var bæði sjoppugella og pylsusali í Laugardal, en líka sólbaðsstofustarfsmaður! Í heilbrigðisgeiranum eru það hjúkrunarheimilið Sóltún, bæklunarskurðeild B5 og barnadeild 22ED. Síðan var ég teymisstjóri í heimahjúkrun í Reykjavík og deildarstjóri á íbúðakjarna fyrir fatlaða í Þorlákshöfn. Nú er ég hér á bráðamóttökunni.“

Dverghamsturinn Sprettur

Maður Kolbrúnar er Andri Helgason, mannauðsstjóri hjá Garðlist, og saman eiga þau dæturnar Alexöndru Hrafneyju 7 ár og Arneyju Helgu 4 ára. Gæludýr fjölskyldunnar er dverghamsturinn Sprettur. Við forvitnumst um lífið eftir vinnu. „Tíminn utan vinnustaðarins fer að miklu leyti í börnin mín og stórfjölskylduna. Ég nýt þess líka að fara í ræktina og sund, ferðast um landið með hjólhýsið og kíkja út fyrir landsteinana. En svo hef ég gaman af því að föndra og baka. Ég er enginn gæðabakari, en það er nóg af sykri í því sem ég baka svo það er alla vega bragðgott.“

Ætlaði að verða enskukennari

En hvers vegna valdi Kolbrún starfsferil hjúkrunarfræðingsins? „Ég ætlaði mér alltaf að verða enskukennari og kláraði BA í ensku í Háskóla Íslands með það að markmiði að taka meistaragráðu í kennsluréttindum. Ég bjó á þeim tíma í Reykjavík með vinkonu minni og hún var að vinna á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Mig vantaði sumarvinnu og hún sannfærði mig að sækja um. Þetta sumarstarf var hins vegar



Kolbrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri bráðamóttöku HSU á Selfossi.

mitt gæfuspor í lífinu því þarna fann ég minn tilgang og framtíðarstarfsvettvang.“

Sóltúnól Kolbrúnu upp

Kolbrún útskýrir gæfusporið sitt nánar: „Það var Marta Jónsdóttir, fyrrum hjúkrunarstjóri á fyrstu hæðinni í Sóltúni sem hvatti mig eindregið til að fara í hjúkrunarfræði. Hún sá eitthvað í mér sem ég sá ekki og ef hún hefði ekki stappað í mig stálinu þá hefði ég aldrei látið slag standa, enda nýbúin með eitt háskólanám og fannst galið að byrja strax í nýju háskólanámi. Sóltúnól mig upp og þar byrjaði ég sem ófaglærður starfsmaður í umönnun og endaði sem hjúkrunarnefi. En ef ég væri hvorki hjúkrunarfræðingur né enskukennari, þá hefði ég ekkert á móti því að vinna á bar í Portúgal!“



Samhentur og eldhress hópur öflugra hjúkrunarfræðinga á bráðamóttöku HSU á Selfossi. Frá vinstri til hægri eru Bryndís Erlingsdóttir, Adda María Óttarsdóttir, Þórunn Ásta Helgadóttir, Elín Sigurðardóttir, Kolbrún Gunnarsdóttir, Kristín Inga Elísdóttir og Fanney Guðjónsdóttir.

Fjölbreyttir vinnudagar

Segðu okkur frá starfi þínu: „Ég sinni daglegum rekstri bráðamóttöku HSU. Dagarnir mínir eru mjög fjölbreyttir og ég fæ allskonar skemmtileg verkefni upp í hendurnar. Stór hluti dagsins fer í að svara tölvupóstum og senda inn verkbeiðnir, en ég funda líka með allskonar áhugaverðu fólki um hin ýmsu málefni. Stundum fæ ég líka tækifæri á að vera með á gólfinu og vinna með frábæra starfsfólkinu mínu í umönnun og hjúkrun sjúklinga. Við fáum mjög fjölbreyttan sjúklingahóp til okkar og okkur þykir magnað að fá að vinna með svo margvísleg viðfangsefni.“

Þéttur og flottur hópur

„Enginn dagur er eins á bráðamóttökunni og það er einmitt það sem okkur flestum finnst vera svo heillandi við starfið hérna. En starfsfólkið er klárlega það besta við vinnustaðinn. Þéttari og flottari hópi hef ég ekki unnið með og það er svakalega gott að vita að maður geti alltaf leitað til þeirra með allskonar vanda, enda eru þau uppfyllt af fróðleik. Svo er mannskapurinn hérna líka bara sjúklega fyndinn og hress! Hópurinn hérna er ótrúlega samhentur í að gera alltaf sitt besta og vera stöðugt að bæta deildina og verkferlana. Við ætlum að halda áfram þessu umbótastarfi og bæta gæði þjónustu okkar enn frekar á nýja árinu!“ ■



Þverflautuleikari, bókaormur, utanvegahlaupari og níföld amma íhugar hjólreiðar

HSU á Selfossi // Björk Steindórsdóttir, yfirljósmóðir

Björk Steindórsdóttir, yfirljósmóðir Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU), fæddist á fæðingarheimilinu í Reykjavík hinn 17. maí 1969. „Þann dag var norska fánanum flaggað á strætisvögnum í Reykjavík í tilefni þjóðhátíðardags Norðmanna. Ég notaði strætó alla mína æsku og var því alltaf mjög stolt af því þegar flaggað var á strætisvögnum í tilefni afmælis míns og þjóðhátíðardags Norðmanna. Það var kannski fyrsta merkið um það að ég átti síðar eftir að flytja til Noregs og nema hjúkrun þar. Skemmtileg tenging!“

Rætur í Laugarnesi

Björk segir rætur æsku sinnar liggja í Laugarnesskóla í Reykjavík. Eftir það tóku Fellaskóli og Kvennaskólinn við okkar konu. „Hjúkrunarnám sótti ég til Noregs og nam þar við Fylkissjúkrahúsið í Heiðmörk og kláraði síðan ljósmæðranámið við Háskóla Íslands. Ég hef unnið á HSU frá því ég kom heim frá Noregi árið 1993 og er því búin að vera hér á Selfossi í liðlega þrjátíu ár! Ég starfaði sem hjúkrunarfræðingur á lyflækningadeild fyrst og meðfram ljósmæðranáminu, en færði mig svo alveg yfir á Ljósmæðravaktina 2002 þegar ég útskrifaðist sem ljósmóðir. Samhliða ljósmóðurstörfum á HSU vann ég alltaf líka á fæðingavakt Landspítala eða alveg til 2019 þegar ég tók stöðu yfirljósmóður á HSU og hætti á Landspítala.“

Níföld amma

En hvernig eru fjölskylduhagirnir? „Ég er gift Grími Hergeirssyni og við eigum 4 börn, 4 tengdabörn og 9 barnabörn. Börnin okkar eru uppalin á Selfossi, en eru farin að dreifa sér aðeins. Nú á ég 2 börn búandi á Selfossi með sínum fjölskyldum. Við erum samhent fjölskylda og okkur finnst mikilvægt að fagna saman öllum afmælum og öðrum viðburðum.“

Veltir fyrir sér hjólreiðum

Hvað með lífið utan vinnu, áhugamál og ástríður? „Ég er alin upp við tónlist og bækur og það hefur fylgt mér gegnum lífið. Ég lærði til dæmis í mörg ár á þverflautu og var í lúðrasveitum og allskonar húllumhæi. Maðurinn minn kom svo með íþróttir inn í líf mitt og ég varð heilluð af hlaupum, sem þróaðist með tímanum út í utanvegahlaup. Það er búið að færa mér ótrúlega skemmtileg hlaupaferðalög, samveru og kynni við fullt af fólki sem ég er mjög þakklát fyrir. Það má segja að það hafi verið ástríða mín í mörg ár að hlaupa utan vegar, í allskonar landslagi, með félagsskap eða ein. Ég hef heldur dregið úr hlaupum síðastliðin ár, en samvera með börnunum



Björk Steindórsdóttir.

og barnabörnum er og verður alltaf miðpunkturinn í mínu lífi. Kannski fer ég bara að hjóla meira! Er það ekki í tísku í dag?“

Gæfusöm ung móðir

Við forvitnumst næst um starfsferilinn og hvers vegna hún valdi ljósmóðurstarfið. „Ég varð ung ófrísk og eignaðist mitt fyrsta barn nýorðin 18 ára. Það var mín gæfa að verða ung móðir og sjá einfaldleikann í því að vera áhyggjulaus móðir. Á meðgöngu kviknaði eitthvað. Einnig var kona í fjölskyldunni að læra að verða ljósmóðir og ég var eitthvað að hlíða henni yfir ljósmóðurfræðin. Spíran fyrir faginu óx þá aðeins meira.“



Björk, Rakel Ásgeirsdóttir og Hugrún Jóna Hilmarsdóttir.



Litla spíran tók samt sinn tíma í að vaxa almennilega, því ég var búin að vinna 8 ár við hjúkrun þegar ég helli mér í ljósmæðranámið. Ég held tvímælalaust að ég myndi velja aftur það sama ef ég ætti að velja mér núna aftur starfsferil.“

Gefandi starf

„Ég hef verið farsæl í starfi hingað til og starfið hefur gefið mér mjög mikið. Mig hefur samt alveg stundum langað til að vinna í blómabúð eða fást við eitthvað listskapandi. En það fullnægir mér þó alveg að hafa það sem áhugamál að finnast föndur, kökuskreytingar, blóm og fallegir hlutir skemmtilegir. Ljósmóðurstarfið er nefnilega ástríðan mín!“

Enginn dagur eins

Við biðjum Björk um að setja okkur inn í starfshlutverk sitt og vinnudag. „Mitt starf sem yfirljósmóðir er aðallega að halda utan um þau verkefni sem tengjast ljósmóðurstörfum, bæði á meðgöngu, fæðingu og sængurlegu. Vinnan mín snýst auðvitað líka um starfsmannamál og að halda starfsemi gangandi á flestum af þessum stöðum. Vinnustaðurinn er auðvitað frábær og deildin okkar skemmtileg og ótrúlega

fjölbreytt. Við vitum í raun aldrei hvernig dagurinn verður en þeir geta verið mjög ólíkir.“

Ljósmæður víða

„Það er frábær ljósmæðrahópur á HSU og við vinnum mjög vel saman. Ljósmæður starfa vítt og breytt um Suðurlandið: Vestmannaeyjum, Höfn, Kirkjubæjarklaustri, Vík, Rangárbírgi, Laugarási, Þorlákshöfn, Hveragerði og Selfossi. Við sinnum mæðravernd, fæðingum, sængurlegu, göngudeildarkomum, bráðakomum, símtalsþjónustu, leghálsskimunum og á nokkrum svæðum sinnum við ungbarnavernd.“

Skipulag og samskipti

Heilbrigðisstofnun Suðurlands er með skilgreinda fæðingastaði á Selfossi og Vestmannaeyjum. „Það eru alls staðar konur í barneignarferli og við reynum að mæta þeim og þeirra þörfum eins vel og við getum. Þetta krefst skipulags og heilmikilla samskipta. Meðgangan er 9 mánuðir og það er marga sem getur komið upp á og þarf að fylgjast með.“

Fræðsluferð til Berlínar

Næstum allar ljósmæður HSU eru nýkomnar úr fræðslu- og kynnisferð til Berlínar. „Þar skoðuðum við og fræddumst mjög vel um þýska fæðingþjónustu. Það var sérlega fræðandi og skemmtileg ferð, en við skoðuðum stórt sjúkrahús, minni ljósmæðrastofu/heimili, ljósmæðraskóla og fengum mikið af flottum fyrirlestrum. Við snerum heim með gott veganesti og stoltar yfir íslenskri fæðingþjónustu.“

Umbætur á aðstöðu og búnaði á Selfossi

Við spyrjum að endingu um spennandi nýjungar í bígerð. „Við erum nýbúna á Selfossi að fá fæðingastofuna flutta inn á Ljósmæðraeininguna okkar, en hún var staðsett á gamla skurðstofuganginum, sem nú er göngudeild krabbameinsslækninga. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og starfánægja hópsins á Selfossi hefur aukist mikið. Konur og fjölskyldur þeirra láta líka mjög vel af þessari breytingu og er fæðingum hjá okkur heldur að fjölga eftir breytinguna. Mikið er lagt upp úr að fjölskyldum líði vel, finni sig velkomin og að umhverfið sé milt og afslappandi. Þannig ná góðu hormónin að flæða betur. Nú er síðan framundan innleiðing á nýjum hugbúnaði, sem tengist því að vista rafrænt fósturhjartráttarrit og getað skoðað ritin í rauntíma annars staðar, til dæmis á herra þjónustustigi og fá þar álit sérfræðings. Þetta er mjög stór áfangi fyrir okkur og gaman að segja frá!“ ■

Hjúkrunarfræðin er mín ástríða

HSU í Vestmannaeyjum // Iðunn Dísá Jóhannesdóttir, deildarstjóri hjúkrunar á heilsugæslu

Iðunn Dísá Jóhannesdóttir er deildarstjóri hjúkrunar á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Vestmannaeyjum. Iðunn fæddist 9. október 1961 í Eyjum og er alin þar upp. Hún starfaði hjá Ísfélagi Vestmannaeyja í fjórtán ár eftir framhaldsskólanám, fyrst í fiskvinnslu og seinna sem launagjaldkeri. Árið 1995 hóf Iðunn svo störf á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja sem síðar varð Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum. Þar var hún fyrst á sjúkradeild sem sjúkraliði og seinna sem hjúkrunarfræðingur eftir fjarnám við Háskólann á Akureyri. Hún hefur verið á heilsugæslunni undanfarin fjögur ár, en þar eru sjö stöðugildi hjúkrunarfræðinga og þrjú stöðugildi sjúkraliða.

Ógleymanleg Japansferð

Iðunn er gift Ágústi Einarssyni rafvirkja. „Við höfum gengið saman lífsins veg frá því við vorum 16 og 17 ára gömul og áttum 40 ára brúðkaupsafmæli núna 1. september. Við eigum tvö börn, tvö tengdabörn og barnabörnin eru fimm. Að auki eigum við einn langömmu og -afastrák og annar er á leiðinni. Aðspurð um áhugamálin segir Iðunn golfið eiga hug hennar allan í augnablikinu. „En ég lifi fyrir að hreyfa mig og finnst gaman að hafa líkamsræktina fjölbreytta. Fátt er einnig betra en dýrmætar stundir með fjölskyldu og góðum vinum. Ferðalög hafa verið stór þáttur í lífinu og nú síðast fórum við í ógleymanlega ferð til Japans.”

„Hér vil ég búa“

Iðunn fer fögrum orðum um heimabæinn. „Hérna eru stuttar vegalengdir og hér er falleg náttúra. Golfvöllurinn er einn sá besti á landinu, veitingastaðirnir frábærir og verslanirnar fallegar. Hér býr gott fólk og samfélagið er gott. Hérna ólst ég upp og hérna á ég systkini, börn, barnabörn, tengdafólk og vini. Hér vil ég vera og hér vil ég búa.”

Elskar fagið

„Hjúkrunarfræðin er mín ástríða. Ég elska að vinna sem hjúkrunarfræðingur og áður sem sjúkraliði. Starfið er bæði fjölbreytt og skemmtilegt þótt auðvitað geti það tekið á, en það er svo miklu sjaldgæfara en hitt. Ég varð barnung móðir og fékk þá innsýn inn starfið þegar ég lá á sjúkrahúsi og fannst það virkilega áhugavert þó að það tæki mig síðan um 20 ár að fara inn á þá braut.”

Besta við vinnustaðinn

En hvað er það besta við vinnustaðinn? „Samstarfsfólkið er dásamlegt, starfsandinn góður og það einkennir vinnustaðinn að þar eru allir samtaka í að gera sitt besta. Við þurfum oft



Iðunn Dísá Jóhannesdóttir.

að leysa úr flóknum málum hérna í Eyjum þar sem ekki er um aðra heilbrigðisstofnun að ræða og við erum stolt af þessu háa þjónustustigi, en það skapar stundum óvenjulega mikið álag á HSU í Eyjum. Ég held að það skýrist af því hversu einangrað samfélagið er og hversu stopular samgöngur geta verið, sérstaklega yfir vetrartímann.”

Nánar um starfið

„Í starfi mínu sem deildarstjóri er það í mínum verkahring að halda utan um starfsemina og skipulagið. Starfið felur einnig í sér fundasetur, yfirfara reikninga og tölvusamskipti ásamt ótalmörgum öðrum verkefnum sem eru bæði fjölbreytt og



skemmtileg eins og t. d að vinna í móttökunni. Starfsfólk heilsugæslunnar skiptum með sér mörgum verkefnum; Má þar nefna umsjón lyfjabúrs, pantanir á lyfjum og vörum, heimahjúkrun og heimahjúkrunarumsjón, eftirlit með Dignio, sem er eftirlitskerfi skjólastæðinga út í bæ og að framkvæma Rai-möt, bæði upphafs- og framhaldsmöt. Heilsugæslan er jafnframt með ungbarnavernd, skólahjúkrun og sykursýkismóttöku til að nefna fátt eitt. Við erum líka með ljósmóður innan okkar starfshóps á heilsugæslunni sem kemur sér mjög vel.”

Talsvert álag

„Eftir daglegan morgunfund skiptum við með okkur verkum og sumt starfsfólk fer að sinna heimahjúkrun meðan önnur fara fram í móttöku eða sinna síma og móttöku. Það er glettilega mikið álag á símanum, en við erum að hringja allt upp í 60 til 80 símtöl á dag. Hjúkrunarmóttakan er sömuleiðis afskaplega annasöm. Ef slys eða mikil veikindi koma upp, þá sér flýtimóttakan um slík verkefni með aðstoð allra á stöð ef á þarf að halda. Mikilvægt er að allir sem leita til okkar hringi á undan sér. Það er gert til að reyna að stytta biðtíma skjólstæðinga okkar. Ef ástand skapast á stöðinni vegna óvæntra veikinda eða sjúkrabíla sem koma lengist þessi bið stundum. Móttökuritarar tilheyra minni starfseiningu ásamt hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum og ég reyni ég að hitta þær daglega. Þær eru andlit stofnunarinnar og gegna ekki síður mikilvægu starfi á heilsugæslunni. Mér finnst mikilvægt að við sem störfum hér vinnum öll í sátt og samlyndi. Rödd allra skipti máli í skipulagi og framkvæmd.”

Nújungar framundan

Við spyrjum lðunni um nýja hluti framundan eða á sjóndeildarhringnum í vinnunni. „Það stendur til að byrja með heilsueflandi móttöku í vetur, sem er mjög spennandi verkefni og felur í sér öflugt forvarnarstarf. Það væri jafnframt gagnlegt að hafa dagdeild á heilsugæslunni til að sjá um Monofer- og Venofer-gjafir. Enn fremur hefur verið áætlað að símaþjónustan í 1700 komi okkur til aðstoðar, en það hefur

reynst vel á öðrum starfsstöðvum. Til að nefna eitthvað í lokin, þá langar okkur líka til að bjóða upp á fastan tíma í blóðþrýstingsmælingar.” ■



Heimsókn á Hraunbúðir í Eyjum

HSU í Vestmannaeyjum // Hraunbúðir

Við heimsóttum hjúkrunar- og dvalarheimilið Hraunbúðir á dögunum og smelltum nokkrum myndum af starfsfólki þar. Hraunbúðir tilheyra starfsemi HSU í Eyjum og þar starfa sjötíu manns. Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) er einn stærsti og öflugasti vinnustaður Vestmannaeyja, en starfsfólk þar er liðlega 200 talsins í 115 stöðugildum. Í Eyjum búa nú um 4.600 manns. Deildarstjóri Hraunbúða er Una Sigríður Ásmundsdóttir.

35 rými

Á Hraunbúðum eru 31 hjúkrunarrými og 4 dvalarrými. Starfsfólkið samanstendur af hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum, starfsfólki í umönnun, starfsfólki í bítibúri, ræstingu og þvottum. Læknir starfar enn fremur við heimilið og kemur alla vega einu sinni í viku. Eins er greiður aðgangur að þeim læknum sem eru á vöktum á heilsugæslunni. Á heimilinu starfar virknifulltrúi og íþróttakennari. Hárgreiðslumeistari og fótadgerðarfræðingur koma sömuleiðis aðra hvora viku á heimilið og einnig prestur.

Persónuleg hjúkrun

Fjölbreytt starfsemi fer fram á hjúkrunarheimilinu og ýmis konar sjálfboðaliðastarf er dýrmætur hluti af því starfi. Á Hraunbúðum er veitt einstaklingshæfð hjúkrun þar sem hjúkrunarfræðingur, sjúkraliðar og almennt starfsfólk hafa umsjón með hverjum einstaklingi og leitast er við að uppfylla líkamlegar, andlegar og félagslegar þarfir hans í samvinnu við aðstandendur hans og annað starfsfólk deildarinnar. Á Hraunbúðum er leitast við að aðstoða og styrkja einstaklinga í athöfnum daglegs lífs.

850 starfa hjó HSU

Þess má geta að starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er glettilega víðfeðm, enda spannar umdæmi hennar allt Suðurlandið, út í Eyjar og síðan alla leið austur til Hafnar í Hornafirði. Starfsfólk HSU er um 850 talsins, en stöðugildin eru kringum 500. HSU rekur 2 sjúkradeildir og 2 hjúkrunardeildir, 9 heilsugæslur, 4 myndgreiningar- og rannsóknadeildir ásamt því að reka víðtæka sjúkraflutninga í umdæminu. ■



Sonja Andrésdóttir er virknifulltrúi Hraunbúða.



Marta Noga starfar við aðhlynningu.



Hjúkrunarfræðingarnir Renestone Nabing Jimenez, Sharomae Soriano Ventura, Aliza Teresa Baranuelo Armea og John Dulay Educalan.



Tatiana Ceplighina er í þrífum og þvottum.



Hjúkrunarfræðingurinn Aðalsteinn Baldursson.



Anika Hera Hannesdóttir starfar við umönnun.



Lára Skæringsdóttir sinnir skjólstæðingi.

Hjartað í HSU



Hjartað í HSU er fréttapóstur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og gefinn út af HSU.

Ábm: Dána Óskarsdóttir
Netfang: forstjori@hsu.is

Fylgstu með HSU á vef og samfélagsmiðlum:

-  [HSU á vefnum](#)
-  [HSU á Facebook](#)
-  [HSU á Instagram](#)
-  [HSU á LinkedIn](#)



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS